

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arctic Sea Farm Dýrafirði



Dags eftirlits	28.5.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Arctic Sea Farm	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Aðalstræti 20	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700807-0450	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Steinunn G. Einarsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Bernharður Guðmundsson	Staðsetning	65°53,460'N 23°37,710'W

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú ný frávik komu fram við eftirlitið, er snéru að staðsetningu eldissvæðis við Haukadalsbót, umfangi á árinu 2020 og upplýsingaskyldu rekstraraðila.

Ábending er varðar ferli um mat á umhverfisáhrifum og breytingar á starfsleyfum vegna breytinga á starfsemi og hvíld eldissvæðisins við Eyrarhlíð eru einnig gerðar.

Fjögur frávik voru skráð í eftirliti ársins 2020 er snéru að hámarkslífmassa, eldisnótum lituðum með koparoxíði, losun fosfórs og vöktunarmælingar. Í bréfi stofnunarinnar dags. 25. febrúar sl. var fallist á úrbótaáætlun rekstraraðila með skilyrðum. Úrbótum er lokið í þremur af fjórum frávikum og þeim því lokað.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr.550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Farið var í vettvangsferð og aðstæður skoðaðar við eldissvæðin Gemlufall, Haukadalsbót og Eyrarhlíð þar sem er fiskur í eldi. Að því loknu var farið yfir gögn og áætlanir.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti, frávik og úrbætur
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
 - o Kynning á áhættumati 2020 og breytingu á flokkum 2021
- Farið yfir ákvæði í nýju starfsleyfi
- Umfang 2020, áætlað umfang 2021
- Útsetningar, slátrun og hvíld svæða
- Staðsetning eldissvæða, stöðvarskírteini
- Úrgangur, spilliefni og lyf
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Vöktun
- Koparnætur

Farið var yfir frávik frá síðasta eftirliti.

1. Stofnunin óskaði eftir lífmassagögnum ársins 2020 og hefur staðfest að ekki var farið yfir leyfilegan lífmassa á árinu. Frávikinu er því lokað. Stofnunin ítrekar þó, líkt og kemur fram í bréfi 25. febrúar, að með nýju 10 þúsund tonna leyfi Arctic Sea Farm í Dýrafirði er burðarþol fjarðarins fullnýtt og stofnunin mun fylgja því eftir að ekki verði farið yfir hámarkslífmassa leyfis á neinum tímapunkti.
2. Sótt hefur verið um breytingu á starfsleyfi vegna koparnóta í Dýrafirði, en matsskyldufyrirspurn þess efnis er enn til afgreiðslu hjá Skipulagsstofnun.
3. Losun ársins 2019 var meira en 10 kg fosfór /framleitt tonn. Stofnunin óskaði eftir upplýsingum vegna losunar ársins 2020 bæði m.t.t. framleiddra tonna og lífmassaukningar. Einnig var óskað eftir samsvarandi upplýsingum fyrir eldistíma kynslóðar sem alin var við Eyrarhlíð en slátrun þar lauk á árinu 2020. Losun var innan marka starfsleyfis, óháð því hvort reiknað væri m.t.t. almanaksárs, kynslóðar, framleiðslu eða lífmassaukningar. Frávikinu er því lokað.
4. Skv. rekstraraðila hafa sjósýni verið tekin við hámarkssýnatökur síðan frávikid var skráð. Frávikinu er því lokað en stofnunin ítrekar að skoða þurfi hvernig sé best að geyma sýni ef ekki er hægt að senda þau til greiningar strax.

Farið var yfir áhættumat ársins 2020 og þær breytingar er gerðar voru milli ára kynntar.

Nýtt starfsleyfi tók gildi 10. maí sl. Farið var yfir ákvæði starfsleyfis, m.t.t. breytinga frá fyrra starfsleyfi rekstraraðila.

Þar eru stærstu breytingarnar stækkun leyfis úr 4000 tonna framleiðslu og 4000 tonna hámarkslífmassa, í 10 þúsund tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma, ásamt styttingu hvíldartíma eldissvæða úr 6 mánuðum í 90 daga.

Skv. eldra starfsleyfi var heimild rekstraraðila til framleiðslu á ársgrundvelli 4000 tonn á ári og 4000 tonna hámarkslífmassi. Framleiðsla skyldi miðast við meðaltalsframleiðslu 3 ára. Framleiðsla ársins 2020 var 6814 tonn, en meðaltal árána 2018-2020 var rúmlega 3200 tonn, svo heildarframleiðsla var innan marka. Hinsvegar voru takmörk á framleiðslu hvers eldissvæðis á ársgrundvelli einnig til staðar í leyfinu, 2000 tonn á ári. Á árinu 2019 var framleiðsla í Eyrarhlíð rúm 872 tonn og 6814 tonn á árinu 2020. Því er um frávík að ræða frá þágildandi starfsleyfi, hvort sem horft er til 2000 tonna framleiðslu á almanaksári eða þriggja ára meðaltalsframleiðslu. Rekstraraðili tilkynnti Umhverfisstofnun ekki um þessa framleiðslu langt umfram heimildir starfsleyfis. Núgildandi leyfi kveður ekki á um framleiðslu heldur einungis hámarkslífmassa og því er frávíkinu lokað. Umhverfisstofnun ítrekar þó að ítrekuð brot á umfangsákvæði starfsleyfis eru litin alvarlegum augum og mun stofnunin fylgja því eftir að rekstraraðili starfi innan marka gildandi leyfa framvegis.

Byrjað var að setja út í Eyrarhlíð 1. maí sl. en svæðið hafði þá verið hvílt í 5,5 mánuð. Undanþága frá eldra starfsleyfi, til útsetningar innan 6. mánaða hvíldartíma, var veitt af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þann 30. apríl sl. Áætlað er að útsetningu ljúki í lok júní, en rekstraraðili skilgreinir svæðið sem Eyrarhlíð 1 innan eldissvæðisins Eyrarhlíð. Einnig er áætlað í sumar að færa fisk frá Gemlufalli og úr tveim kvíum við Haukadalsbót á Eyrarhlíð, á svæði sem rekstraraðili kallar Eyrarhlíð 2. Í starfs- og rekstrarleyfum er þó einungis eitt eldissvæði skilgreint, Eyrarhlíð, og þar má fara fram kynslóðaskipt eldi. Færslan er til skoðunar hjá Matvælastofnun.

Umhverfisstofnun bendir einnig á í þessu samhengi að hvíld eldissvæða að loknu eldi hveðrar kynslóðar er bundin við skilgreind eldissvæði skv. starfsleyfi. Verði það mat Matvælastofnunar að færsla fisks af öðrum eldissvæðum sé heimil á Eyrarhlíð 2 nú í sumar verður ekki um að ræða aðskilda hvíldartíma fyrir Eyrarhlíð 1 og 2 heldur mun svæðið í heild þurfa að hvílast í a.m.k. 90 daga frá lokum slátrunar upp úr því svæði sem seinna er til að tæmast, Eyrarhlíð 1 eða Eyrarhlíð 2.

Áætlað er að hefja slátrun úr Haukadalsbót í haust.

Kvíastæði rekstraraðila við Haukadalsbót er fyrir utan það eldissvæði sem heimilað var í skv. eldra 4000 tonna starfsleyfi. Þar sem það starfsleyfi var í gildi við útsetningu seiða sem nú eru í eldi þar er skráð frávík er varðar staðsetningu eldis. Upplýsingar varðandi frávikið bást Umhverfisstofnun frá Matvælastofnun í mars sl. en byrjað var að setja fisk út í svæðið í maí 2020. Rekstraraðili tilkynnti Umhverfisstofnun ekki um að staðsetning kvíastæðis væri ekki í samræmi við starfsleyfi, hvorki fyrir útsetningu seiða né í nóvember sl. Þegar Matvælastofnun óskaði útskýringa rekstraraðila á frávíkinu. Með gildistöku nýs starfsleyfis er eldissvæðið innan heimilaðs svæðis og frávíkinu er því lokað. Umhverfisstofnun ítrekar þó að ekki er heimilt að færa kvíastæði út fyrir mörk starfsleyfis án þess að farið sé í gegnum ferli matskyldufyrirspurnar og breytingar á starfsleyfi fyrst.

Í 1. mgr. 14. gr laga nr. 7/1998 kveður á um að rekstraraðili skuli upplýsa útgefanda starfsleyfis um allar fyrirhugaðar breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem geta haft afleiðingar fyrir umhverfið. Í 2. mgr. 40 gr. laga nr. 7/1998 kemur fram að starfsleyfishafi skuli upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það ef frávík verður frá starfsleyfisskilyrðum og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum sé framfylgt eins fljótt og auðið er. Ljóst er að Arctic Sea Farm hefur ekki uppfyllt þessa skyldu sína, þar sem hvorki var tilkynnt um verulegt frávík frá umfangsheimild eldra starfsleyfis né að staðsetningu eldisbúnaðar við Haukadalsbót.

Úrgangsflokkar er flokkað í grænu bókhaldi, þar sem magn kemur einnig fram. Notuð er maurusýra til meltugerðar og lúsalyf voru notuð á árinu 2020 í fóðri, Slice.

Maurusýran kemur í bömbum sem eru geymdir í tönkum og tengdir við meltutanka um borð í prömmunum, svo starfsmenn þurfa ekki að meðhöndla sýruna. Hættumerkingar eru á tönkum og öryggisblöð í EQS kerfi rekstraraðila.

Rekstraraðili áætla að taka hámarkslífmassasýni við Haukadalsbót í haust, ásamt því að taka sýni við Gemlufall áður en fiskurinn verður færður. Hvíldarsýnataka var tekin við Eyrarhlíð áður en útsetning hófst og var grunnsýnataka fór fram á sama tíma vegna Eyrarhlíðar 2. Eftirlitsaðila hafa ekki borist niðurstöður þessara mælinga.

Ekki voru settar út koparlitaðar nætur við Eyrarhlíð í vor og skv. rekstraraðila fara þær koparnætur sem teknar eru upp ekki út aftur fyrir en heimild hefur fengist til notkunar þeirra í starfsleyfi.

Frávík frá

Lýsing á frávíki

gr. 1.2 í þágildandi starfsleyfi

Eldi skal vera staðsett innan þess svæðis sem tilgreint er í viðauka II. Eldissvæði Haukadalsbót er utan þeirra punkta sem tilgreindir eru í starfsleyfi Arctic Sea Farm sem var í gildi við útsetningu seiða 2020. Eldið er innan þess svæðis sem tilgreint er í nýju leyfi og frávíkinu er því

lokað.

gr. 1.2. í þágildandi starfsleyfi

Framleiðsluheimild rekstraraðila var takmörkuð við 2000 tonn á ári á eldissvæðinu við Eyrarhlíð. Árinu 2020 var slátrað 6814 tonnum upp úr svæðinu og framleiðsla því langt umfram heimild hvort sem litið er til 2000 tonna á almanaksári eða meðaltalsframleiðslu þriggja ára. Nýtt starfsleyfi hefur tekið gildi sem tekur ekki til ársframleiðslu og frávikinu er því lokað.

1. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 40. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Starfsleyfishafi skal upplýsa útgefanda starfsleyfis um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem geta haft afleiðingar fyrir umhverfið, sem og að upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það ef frávik verður frá starfsleyfiskilyrðum og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana. Umhverfisstofnun var ekki tilkynnt um frávik er snýr að eldissvæði Haukadalsbót.

ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun bendir á að ávallt skuli klára ferli umhverfismats, í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum, sem og breytingar starfsleyfis áður en rekstraraðili breyti starfsemi sinni í ósamræmi við gildandi leyfi.

Umhverfisstofnun bendir á að hvíld eldissvæðisins við Eyrarhlíð milli kynslóða skal miða við lok slátrunar fisks upp úr skilgreindu eldissvæði starfsleyfis, óháð því hvort um er að ræða svokallaða Eyrarhlíð 1 eða Eyrarhlíð 2.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 29.06.2021



Hulda Soffía Jónasdóttir

